Nd. **363. Nefndarálit** [3. mál]

um frv. til l. um æskulýðsmál.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Frumv. þetta er flutt af ríkisstjórninni. Það er samið af milliþinganefnd, er ríkisstjórnin skipaði 1963. Í henni áttu sæti fulltrúar æskulýðs- og íþróttasamtaka landsins. Menntmn. ræddi málið á nokkrum fundum, og var hún sammála um það, að í frv. fælust mikilsverð ákvæði um skipulegan stuðning hins opinbera við æskulýðsstarfsemi í landinu, er gæti veitt æskufólki þroskandi viðfangsefni. Menntmn. taldi þó rétt að flytja nokkrar minni háttar breytingartillögur við frumvarpið. En þegar hún hafði nær því lokið við að semja þær tillögur, bárust henni þau skilaboð, að ríkisstjórnin vildi stöðva afgreiðslu þess. Þetta kom minni hl. menntmn. mjög á óvart, og fær hann ekki skilið, hverju þetta sætir. Telur minni hl. því rétt, að Alþingi skeri úr um það, hvort málið skuli stöðvað eða ekki. Minni hl. n. leggur því til, að frumv. verði samþykkt með breytingum, sem hann flytur á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 11. marz 1968.

Sigurvin Einarsson, frsm. Magnús Kjartansson. Ingvar Gíslason.